

## ALMENNIR SKILMÁLAR HERJÓLFS OHF

Þessir skilmálar gilda um bókanir sem og siglingar og flutninga á farþegum og farangri með Vestmannaeyjaferjunni Herjólfí.

### 1. Skilgreiningar

Í skilmálum þessum skulu eftirfarandi hugtök hafa eftirfarandi merkingu:

„**Herjólfur OHF**“ eða „**félagið**“ þýðir Vestmannaeyjaferjan Herjólfur OHF, kt. 420718-1280, Bákarsbryggja, 900 Vestmannaeyjar.

„**Farþegi**“ þýðir einstaklingur sem pantar og/eða kaupir flutning með Herjólfí og/eða einstaklingur sem flytja á með skipinu samkvæmt farsamningi og enn fremur sá sem með heimild Herjólfis OHF fylgir ökutæki eða lifandi dýri sem háð er samningi um vöruflutninga og/eða eigandi ökutækis sem flutt er án tengsla við samning um farþegaflutninga.

„**Farangur**“ þýðir sérhver hlutur, þ.m.t. ökutæki, sem fluttur er með Herjólfí í tengslum við samning um farþegaflutninga og ökutæki sem flutt eru án tengsla við samning um farþegaflutninga.

„**Handfarangur**“ þýðir farangur sem farþegi hefur í vörslum sínum eða í klefa sínum eða sem hann flytur með sér í eða á ökutæki sínu.

„**Herjólfur**“ eða „**skipið**“ vísar til þess farþegaskips sem félagið nýtir hverju sinni í tengslum við siglingar og flutninga til og frá Vestmannaeyjum.

### 1. Fargjald

Farþega ber að greiða fargjald samkvæmt gildandi gjaldskrá Herjólfis OHF hverju sinni.

Þeir einstaklingar sem eiga skráð lögheimili í Vestmannaeyjum njóta 50% afsláttar af almennri verðskrá félagsins. Afsláttarkjörin má ekki nýta til að kaupa farmiða fyrir aðra einstaklinga og aðeins þeir sem hafa skráð lögheimili í Vestmannaeyjum njóta afsláttarins. Misnotkun á afsláttarkjörum kann að leiða til þess að félagið felli niður rétt til afsláttarkjara þess einstaklings sem staðinn hefur verið að misnotkun. Slík niðurfelling getur átt sér stað með einfaldri tilkynningu þess efnis og án fyrirvara. Félagið heldur utan um upplýsingar um misnotkun á afsláttarkjörum og grun um slíka misnotkun.

Fargjald ber að greiða að fullu áður en farþegi gengur um borð í skipið í brottfararhöfn eða áður en farangur er færður um borð í skipið í brottfararhöfn, nema um annað sé sérstaklega samið milli Herjólfis OHF og farþega. Að öðrum kosti fellur niður skylda Herjólfis OHF til að flytja farþega og/eða farangur.

Herjólfur OHF skal eiga haldsrétt og samningsveð, eftir því sem við á, í öllum farangri og handfarangri, sem er í vörslu félagsins, vegna allra krafna þess á hendur farþega eða eiganda hans vegna flutningsins og annarra krafna á hendur farþega eða eiganda hans sem tengjast ekki flutningnum á neinn hátt.

### 2. Farsamningur við Herjólf OHF

Um leið og farþegi bókar ferð með Herjólfí eða ferð er bókuð fyrir hans hönd og Herjólfur OHF staðfestir bókunina er kominn á farsamningur á milli félagsins og viðkomandi farþega um flutning á farþegum og farangri með Herjólfí (hér eftir nefndur „**farsamningurinn**“).

Herjólfí OHF er heimilt að taka við bókun sem gerð er með rafrænum hætti. Herjólfí OHF er heimilt að staðfesta slíka bókun með rafrænum hætti og er þá kominn á farsamningur á milli félagsins og viðkomandi farþega. Herjólfí OHF er enn fremur heimilt að taka við bókunum í síma og á starfsstöð félagsins.

Lög nr. 16/2016 um neytendasamninga gilda ekki í lögskiptum Herjólfur OHF og farþega, sbr. j.-liður 3. mgr. 1. gr. laganna, að undanskildu ákvæði 12. gr. þeirra.

Skilmálar þessir skulu felldir inn í og skulu vera hluti af framangreindum farsamningi. Með því að bóka ferð með Herjólfur staðfestir farþegi að hann hafi lesið þessa skilmála og samþykkir að þeir gildi um réttarsamband Herjólfur OHF við sig og alla þá sem hann bókar fyrir, enda lýsir farþegi því yfir með bókun sinni að hann hafi umboð þeirra til þess að bóka ferð með Herjólfur.

Ákvæði V. kafla siglingalaga nr. 34/1985 um flutning á farþegum og farangri skulu gilda um alla flutninga Herjólfur OHF á farþegum og farangri með Herjólfur, nema annað komi fram í þessum skilmálum, en ákvæði þessi eru felld inn í skilmálana og skulu vera hluti af þeim.

### **3. Bókanir**

Þegar viðskiptavinur hefur lokið við bókun, hvort sem það er í gegnum vefsíðu félagsins eða síma, fær hann sent afrit af bókunarstaðfestingu í tölvupósti, á það netfang sem viðskiptavinur hefur gefið upp, með öllum upplýsingum um ferðina, eða útprentaða bókunarstaðfestingu, eftir því sem við á.

Afbókanir og breytingar á bókunum, yfir á aðra tíma- eða dagsetningar, eru leyfðar allt að 24 klukkustundum fyrir áætlaðan brottfarartíma.

Ekkert breytingargjald er tekið vegna breytinga sem viðskiptavinur framkvæmir sjálfur í gegnum „mínar síður“ en að öðrum kosti er tekið breytingargjald að fjárhæð 500 kr. fyrir hverja bókun. Í tilviki afbókunar endurgreiðir félagið viðskiptavin fargjald að fullu, að undanskyldu 500 kr. afbókunargjalds fyrir hverja bókun óski viðskiptavinur eftir aðstoð félagsins við slíka afbókun.

### **4. Endursala á bókunum**

Öll endursala á bókunum og farsamningi, í skilningi skilmála þessara, er með öllu óheimil. Vilji viðskiptavinur breyta farþegaupplýsingum skal hafa samband við félagið um slíka breytingu, sbr. grein 3 í skilmálum þessum.

Félagið áskilur sér rétt til að krefjast afrits af skilríkjum farþega og bera saman við bókun. Reynist farþegi ekki sá sami og bókun kveður á um, er félaginu heimilt að neita viðkomandi um þjónustu.

Félagið áskilur sér enn fremur rétt til þess að afbóka gerðar bókanir í tilviki misnotkunar og brota á ákvæði þessu um endursölu á bókunum.

### **5. Flutningur**

Farþega ber að fullnægja ákvæðum laga, reglugerða og annarra reglna um ferðalög, farangur og flutning á farþegum og farangri, eftir því sem við á hverju sinni.

Farþega ber að mæta í brottfararhöfn í síðasta lagi 30 mínútum fyrir áætlaða brottför Herjólfur.

Farþega ber að fara eftir þeim reglum sem gilda um innritun farþega og farangurs áður en hann gengur um borð í skipið og veita þær upplýsingar um farangur og handfarangur sem Herjólfur OHF fer fram á.

Herjólfur OHF skal gefa út farmiða í brottfararhöfn og/eða annars staðar gegn staðfestingu farþega á farsamningnum, í því formi sem Herjólfur OHF samþykkir, áður en farþegi gengur um borð í Herjólfur og/eða ökutæki er ekið um borð í skipið.

Farþegi skal framvísa farmiða um leið og hann gengur um borð í Herjólfur í brottfararhöfn og frá borði í komuhöfn og/eða þegar hann ekur ökutæki um borð í Herjólfur í brottfararhöfn og frá borði í komuhöfn sem og öðrum nauðsynlegum skjölum og skilríkjum ef farið er fram á það.

Farþegi skal sjálfur færa allan handfarangur og farangur sinn um borð í skipið, nema um annað sé sérstaklega samið milli Herjólfur OHF og farþegans.

Herjólfur OHF er heimilt að flytja farangur og handfarangur á þilfari skipsins.

Ökutæki er flutt á bílpilfari. Þegar ökutæki hefur verið fundið staður á bílpilfari skal ökumaður stöðva vél þess, setja það í handbremsu, hafa í gír eða í „park“ á sjálfskiptu ökutæki, læsa því, slökkva á þjófavörn og framfylgja öðrum fyrirmælum Herjólf OHF og/eða áhafnar skipsins í sambandi við ökutækið. Ef um er að ræða tengivagn, svo sem tjaldvagn, fellihýsi eða hjólhýsi, sem hefur að geyma gaskút ber ökumanni að skrúfa vel fyrir gas áður en ferð hefst. Um leið og ökutæki er tilbúið til flutnings ber ökumanni að yfirgefa bílpilfar. Á meðan ferð stendur er ökumanni og öðrum farþegum ekki heimilt að fara inn á bílpilfar og í ökutæki nema með sérstöku leyfi áhafnar.

Handfarangur og annar farangur en ökutæki skal geymdur hjá farþega eða í opnu eftirlitslausu geymslurými meðan á ferð stendur á áhættu og ábyrgð farþega.

Farþega ber að fara eftir öllum öryggisreglum og öðrum reglum sem gilda um borð í Herjólf og hlýða öllum fyrirmælum skipstjóra og áhafnar skipsins.

Farþega ber að fylgjast með öryggismyndbandi sem sýnt er um borð í Herjólf og tileinka sér þær öryggisreglur sem þar eru kynntar.

Farþega ber að taka tillit til annarra farþega og áhafnar skipsins og haga sér í samræmi við góðar venjur.

Farþega og ökutæki er ekki heimilt að fara frá borði í komuhöfn fyrr en áhöfn hefur gefið slíka heimild.

Telji Herjólfur OHF að handfarangur og/eða farangur sé ekki hæfur til flutnings, svo sem vegna ákvæða gildandi laga og reglna eða af öryggisástæðum, áskilur Herjólfur OHF sér rétt til að flytja hann frá borði og rifta farsamningnum án nokkurrar bótaskyldu og án endurgreiðslu fargjalds.

Komi til þess að farþegi brjóti framangreindar reglur eða Herjólfur OHF hefur ástæðu til að ætla að hann muni gera það áskilur Herjólfur OHF sér rétt til að rifta farsamningnum án nokkurrar bótaskyldu og án endurgreiðslu fargjalds.

Herjólfur OHF getur hafnað flutningi á farþega, farangri eða handfarangri af öryggisástæðum, svo sem ef flutningurinn getur stofnað í hættu eða haft áhrif á öryggi, heilsu eða þægindi annarra farþega eða áhafnar um borð í Herjólf.

Herjólfur OHF er heimilt að nota annað skip en Herjólf til flutninga án sérstakrar tilkynningar til farþega og án nokkurrar bótaskyldu.

## **6. Vinnsla persónuupplýsinga**

Samkvæmt reglugerð um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum nr. 659/2000 ber Herjólfur OHF í öryggisskyni að safna saman, skrá og varðveita tilteknar persónuupplýsingar um farþega. Með vísan til þess ber farþega að veita Herjólfur OHF umræddar upplýsingar við bókun eða í síðasta lagi áður en hann gengur um borð í skipið.

Um meðferð Herjólfur OHF á persónuupplýsingum viðskiptavina og farþega vísast til [persónuverndarstefnu félagsins](#).

## **7. Ábyrgð Herjólfur OHF**

### *7.1. Ábyrgð og fjárhæð bóta*

Herjólfur OHF ber skaðabótaábyrgð á farþegum, handfarangri og farangri meðan á flutningi stendur í samræmi við ákvæði V. kafla siglingalaga nr. 34/1985 og ákvæði reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga, nema annað komi fram í þessum skilmálum.

Ábyrgð Herjólfur OHF er takmörkuð samkvæmt V. og IX. kafla siglingalaga og er farþegum af þeim sökum bent á að kaupa váttryggingar fyrir tjóni sem þeir kunna að verða fyrir meðan á flutningi stendur.

Herjólfur OHF ber ekki undir neinum kringumstæðum ábyrgð á óbeinu eða afleiddu tjóni eða ágóðatapi. Herjólfur OHF ber hvorki ábyrgð á tapi eða tjóni á peningum, verðbréfum eða öðrum verðmætum né ábyrgð á greiðslu bóta vegna fornmunaverðmætis, tilfinningalegra verðmæta eða annarra sérstakra verðmæta. Herjólfur OHF ber heldur ekki ábyrgð á lifandi dýrum sem flutt eru.

Ekki skal koma til greiðslu vaxta af kröfum á hendur Herjólfvi OHF fyrr en frá uppkvaðningu dóms.

### *7.2. Upphaf og lok ábyrgðar*

Hvað varðar annars vegar farþega og hins vegar handfarangur og/eða farangur, sem farþegi hefur í sínum vörslum meðan á ferð stendur, skal upphaf ábyrgðar (ef einhver er, sbr. grein 7.1) miðast við þann tíma þegar farþegi stígur í landgang skips í brottfararhöfn og lok ábyrgðar við þann tíma þegar farþegi stígur úr landgangi skips í komuhöfn.

Hvað varðar farangur, sem afhentur hefur verið Herjólfvi OHF til flutnings, skal upphaf ábyrgðar (ef einhver er, sbr. grein 7.1) miðast við þann tíma þegar starfsmenn eða umboðsmenn Herjólfis OHF taka við honum í skipinu í brottfararhöfn og lok ábyrgðar við þann tíma þegar hann er tilbúinn til afhendingar í skipinu í komuhöfn, en frá þeim tíma er farangurinn á áhættu og ábyrgð farþega eða eiganda hans. Farþegi eða eigandi slíks farangurs skal tafarlaust taka við honum þegar farangurinn er tilbúinn til afhendingar í komuhöfn. Taki farþegi eða eigandi ekki við farangri samkvæmt framansögðu er Herjólfvi OHF heimilt að færa hann í geymslu á kostnað, ábyrgð og áhættu farþega eða eiganda.

### *7.3. Tilkynningar og fyrning*

Verði tjón á handfarangri ber farþega að tilkynna Herjólfvi OHF það skriflega jafnskjótt og þess verður vart en þó aldrei síðar en farþegi fer frá borði í komuhöfn.

Verði sýnilegt tjón á farangri ber farþega að tilkynna það skriflega jafnskjótt og þess verður vart en þó aldrei síðar en við móttöku í komuhöfn.

Sé ekki um að ræða sýnilegar skemmdir á farangri eða farangur tapast ber farþega að tilkynna það skriflega jafnskjótt og þess verður vart en þó aldrei síðar en 15 dögum frá afhendingu í komuhöfn eða ef um tap er að ræða frá þeim degi er afhenda átti farangurinn.

Ef um seinkun á brottför eða komu skipsins er að ræða skal tilkynning um tjón hafa borist Herjólfvi OHF í síðasta lagi 15 dögum frá því að ferð átti að ljúka.

Nú er tjón ekki tilkynnt áður en framangreindir tímafrestir eru liðnir og fellur þá niður sérhver krafa á hendur Herjólfvi OHF.

Réttur til skaðabóta á hendur Herjólfvi OHF fyrnist samkvæmt 3. til 5. tölulíð 215. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

### *7.4. Siglingatími og seinkun*

Herjólfur OHF mun gera sitt ýtrasta til að flytja farþega og farangur í samræmi við siglingaáætlun. Herjólfvi OHF er þó heimilt að breyta siglingaáætlun án fyrirvara ef nauðsyn krefur.

Ef að einhverjum ástæðum Herjólfur OHF getur ekki staðið við bókun farþega á hann rétt á því að fá farmiða sinn endurgreiddan að fullu eða nýjan farmiða í ferð á öðrum tíma.

Herjólfur OHF ber þó ekki ábyrgð á niðurfellingu ferða, breytingum eða seinkunum vegna óviðráðanlegra orsaka, svo sem vegna breytinga á brottfara- eða komustað ferða vegna veður- og sjóskilyrða, hryðjuverka, stjórnaraðgerða, stríðs, náttúruhamfara, eldsvoða, verkfalla, eða verkbanna, veður- og sjóskilyrða, farsótta, sóttkvía, truflunar á fjarskiptum og annarra ástæða sem Herjólfur OHF ræður ekki við.

Herjólfur OHF ber ekki ábyrgð á neinum beinum eða óbeinum kostnaði eða tjóni sem farþegi eða eigandi farangurs verður fyrir ef ferð er felld niður, breytt eða seinkar af óviðráðanlegum orsökum.

Herjólfur OHF er heimilt að breyta siglingatímum farþega og/eða farangurs, þar með talið að láta þá farþega og/eða farangur hafa forgang í ferð sem hafa beðið lengst eftir nýrri ferð sökum niðurfalls eða seinkunar á sinni ferð af einhverjum óviðráðanlegum orsökum.

## 8. Starfsmenn og undirverktakar

Herjólfur OHF er heimilt að ráða undirverktaka á hvaða skilmálum sem er til að inna af hendi þau verk og þá þjónustu sem Herjólfur OHF tekur að sér samkvæmt farsamningnum.

Allir starfsmenn, umboðsmenn, fulltrúar og undirverktakar Herjólfur OHF sem og eigandi Herjólfur, starfsmenn, umboðsmenn, fulltrúar, undirverktakar hans skulu njóta og hafa rétt til að bera fyrir sig öll ákvæði skilmálanna, eftir því sem við á, enda gerir Herjólfur OHF farsamninginn við farþega bæði fyrir sína hönd og sem umboðsaðili og fulltrúi slíkra starfsmanna, umboðsmanna, fulltrúa, undirverktaka og eiganda.

## 9. Samskipti og kvartanir

Hafi einstaklingur spurningar í tengslum við skilmála þessa er viðkomandi beðinn um að hafa samband við félagið.

Óski farþegi eftir því að kvarta undan þjónustu Herjólfur OHF er einnig mikilvægt að koma slíkri kvörtun til skila, annað hvort með skriflegum hætti í netfangið [herjolfur@herjolfur.is](mailto:herjolfur@herjolfur.is) eða til áhafnar Herjólfur. Vakin er athygli á að Herjólfur OHF er annst um að starfsmenn sínir fái tækifæri til úrbóta. Ef ekki er unnið úr þessum kvörtunum af hálfu Herjólfur OHF með fullnægjandi hætti að mati farþega er honum ráðlagt að hafa samband við Íslensku Ferðamálastofuna ([info@icetourist.is](mailto:info@icetourist.is)).

Samskiptaupplýsingar félagsins eru eftirfarandi:

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur OHF  
Kt: 420718-1280  
Báskersbryggja  
900 Vestmannaeyjar  
Sími + 354 481-2800  
[herjolfur@herjolfur.is](mailto:herjolfur@herjolfur.is)

## 10. Farmflutningar og Almennir þjónustuskilmálar SVP

Komi til þess að vara er flutt með Herjólfur, sem ekki fellur undir hugtakið farangur, skulu ákvæði VI. kafla siglingalaga nr. 34/1985, sem eiga við um flutningssamninga um ferð, gilda um flutninginn eftir því sem við á í stað þessara skilmála um flutning á farþegum og farangri, nema um annað sé sérstaklega samið milli Herjólfur OHF og eiganda vöru.

Að því marki sem þjónusta, háttsemi eða atvik fellur ekki undir skilmála þessa um flutning á farþegum og farangri eða VI. kafla siglingalaga skulu Almennir þjónustuskilmálar flutningssviðs SVP (Samtaka verslunar og þjónustu) gilda um réttarsamband aðila, en þá er að finna á heimasíðu Herjólfur OHF [www.herjolfur.is](http://www.herjolfur.is)

## 11. Lögsaga

Hverskyns deilumál sem upp koma á milli aðila og sem ekki tekst að leysa með samningum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 12. Gildistaka og breytingar

Skilmálar þessir skulu taka gildi frá og með 30. mars 2019 og skulu gilda um alla flutninga á farþegum og farangri með Herjólfur eftir þann dag jafnvel þótt bókun hafi verið gerð fyrir þann tíma.

Herjólfur OHF áskilur sér rétt til að breyta öllum skilmálum, gjaldskrá og áætlunum hvenær sem er og án fyrirvara eða tilkynningar til farþega. Uppfærðir skilmálar taka gildi um leið og þeir hafa verið birtir á vefsíðu félagsins.

*Skilmálar þessir voru síðast uppfærðir í júlí 2024.*